



31. 8. 2018

Til bæjarráðs Akureyrar

Erindi: Fjárstuðningur við LÝSU- rokkhátíð samtalsins.

Undirrituð, Puríður Helga Kristjánsdóttir, óskar eftir fjárframlagi frá Akureyrarbæ fyrir LÝSU-rokkhátíð samtalsins sem verður í Hofi dagana 7. og 8. september næstkomandi. Óskað er eftir 1 milljón króna styrk til kynningar á hátíðinni fyrir almenna gesti. Kynningin er á landsvísu.

Með því að kynna hátíðina með öflugum hætti er um leið verið að auglýsa Akureyrarbæ sem fyrirmyndaraðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur og sem öfluga rödd í íslensku samfélagi. Það fellur vel að ferðamálastefnu Akureyrarbæjar. Ávinningur hátíðarinnar fyrir bæinn er margvíslegur og því til stuðnings nefnir undirrituð að sambærilegar hátíðir á hinum Norðurlöndunum (Folkemøde í Danmörku, Almedalsveckan í Svíþjóð og Arendalsuka í Noregi) laða að sér þúsundir gesta og gríðarlega fjölmiðlaumfjöllun. Þessir staðir verða miðpunktur þjóðfélagsumræðu og mynda sterkt mótvægi við höfuðborgir landanna.

Almannaheill hafa gert 4. m.kr. styrktarsamning við Velferðaráðuneytið fyrir hönd hátíðarinnar í ár. Þegar hátíðin var haldin í Reykjavík 2016 styrkti Reykjavíkurborg hátíðina um 2. m.kr.

Sá stuðningur sem hátíðin hefur fengið hjá Akureyrarbæ, bæjarfulltrúum og embættismönnum er hátíðinni afar mikilvægur. Til þess að tryggja hana í sessi á Akureyri er velvilji og þátttaka bæjarins í kostnaði mikilsvirði.

Puríður Helga Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar.